

## 13. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

15. október 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 16:30

**Mætt eru:** Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

**Forföll boðaði:** Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH) og Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ).

*Fundur settur 16:31*

### Dagskrá:

#### 1. Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:

- Félagið geymir stofngögn Æskulýðssambands Íslands (forvera LUF) sem þarf að flokka og koma til Þjóðskjalasafns Íslands. TI var falið að hafa samband við Sagnfræðideild HÍ og kanna áhugann á að skrásetja söguna.
- Kynning á helstu niðurstöðum vinnustofu Leiðtogaskóla Íslands um endurmat, voru niðurstöðurnar mjög jákvæðar og margar hugmyndir um hvernig LUF getur bætt sig komu fram.

#### 2. Beiðni frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um tilnefningar í barna- og ungmennanefndina, NORDBUK: TI greindi frá þeim kröfum sem fulltrúarnir þurfi að uppfylla og að á árinu 2019 mun Ísland fara með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni sem krefst þá meiri vinnu af fulltrúunum. Ákveðið var að tilnefna TI og SHB. Var TI falið að deila bréfi með allri stjórn til að fá staðfestingu frá öllum fulltrúum stjórnar ásamt við að undirbúa tilnefningarbréfin sem skulu vera send til ráðuneytisins eigi síðar en 25. október.

#### 3. #ÉgKýs:

- Þátttaka: 21 framhaldsskólar af 30 tóku þátt.
- Fjármögnun: Dómsmálaráðuneytið styrkir verkefnið um 500.000, mennta- og menningarmálaráðuneytið 700.000, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið 100.000 og Hitt Húsið 400.000. Samtals gerir það 1.700.000.
- Formlegt samstarf við þættina *Hvað í fjandanum á ég að kjósa?* og Vökuna 2017 er hafið.
- Allt er tilbúið fyrir viðburðinn *Pólitískt Party* í Hinu Húsinu.
- Talning fer fram 26. október og mun TI, SS og GAM vera fulltrúar LUF í talningarteyminu.
- Ákveðið var að SS verði fulltrúi LUF komi til þess að kallað verði eftir viðtali í beinni útsendingu fyrir kynningu niðurstaðna skuggakosninga í Kosningasjónvarpi RÚV.

#### 4. Leiðtogaskólinn:

- Fjallað var um verkefnið í heild og sammældust viðstaddir að vel hafi tekist til þó svo að óvænt #ÉgKýs verkefni hafi komið til í miðri framkvæmd.
- TI kynnti fjármál verkefnisins og var henni falið að ganga frá endurgreiðslu vegna ferðakostnaðar þeirra þátttakenda sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins.
- SS lagði til að skrifuð yrði fréttatilkynning og tók að sér að útbúa drög.

**5. Alþjóðamál:**

**a. Lýðræðisráðstefnan “Democracy, Youth and Democratic Exclusion” í Osló:**

Búið er að bóka flug fyrir sex íslenska fulltrúa og styrkumsókn til að þýða lokaskýrslu #ÉgKýs hefur verið send á Æskulýðssjóð.

- 6. Staða styrkumsókna:** Búið er að sækja um fyrir stefnumótun til EUF. Ekki náðist að sækja um í Nordbuk vegna anna. Búið er að sækja um fyrir Verkferakistu ungmennafélaga í Æskulýðssjóð og var TI falið að sækja um fyrir þarfagreiningu ef tími gefst fyrir umsóknarfrestinn.
- 7. Starfsmannamál:** TI falið að vinna drög að nýjum starfssamningi ásamt rökstuðningi fyrir mögulegum breytingum í samráði við SS fyrir miðjan nóvember.
- 8. Næsti stjórnarfundur:** Mánudaginn 30. október kl. 18:15.
- 9. Önnur mál:** Engin bárust.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 18:00.*

*TI ritaði fundargerð.*